

**Nd.** **281. Nefndarálit** [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Frumvarpið er að meginhluta byggt á álitum millipinganefndar er starfaði undir forustu Kjartans Jóhannssonar og fjallaði um staðgreiðslu skatta.

Frumvarpið varðar einkum tæknilega framkvæmd og skipulagningu staðgreiðslunnar.

Á fundi nefndarinnar komu Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Indriði Þorláksson og Snorri Olsen úr fjármálaráðuneyti og Magnús E. Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Nefndin varð sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1987.

Páll Pétursson,  
form., frsm.

Geir H. Haarde,  
fundaskr.

Steingrímur J. Sigfússon,  
með fyrirvara.

Matthías Bjarnason.

Guðmundur G. Þórarinnsson.

Kristín Halldórsdóttir.

Kjartan Jóhannsson.